

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 24. ágúst 2009 staðfest aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Búðardals frá 1969 og aðalskipulag Lauga í Sælingsdal 1990-2010 frá 1992 með síðari breytingum.

*Umhverfisráðuneytinu, 24. ágúst 2009.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 7. september 2009